

Umhverfisstofnun  
 Áb. KSJ  
 19 des. 2007  
 54.23  
 Tilv. UST20071100133



**UST**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

(+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Teikn á lofti ehf  
Helgi Einarsson  
Skipagötu 12  
Pósthólf 170  
602 Akureyri

Reykjavík, 19. desember 2007  
Tilvísun: UST20071100133/ksj

## Akstursíþróttá- og skotsvæði á Glerárdal Akureyri

Vísað er til erindis frá Helga Einarssyni fyrir hönd teiknistofunnar Teikn á Lofti er barst þann 22.11. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á akstursíþróttá- og skotsvæði í Glerárdal, Akureyri og greinargerð er fylgir erindinu.

Í nágildandi Aðalskipulagi Akureyrar er svæðið sem deiliskipulagstillagan um akstursíþróttá- og skotæfingasvæði nær yfir skilgreint sem "opið svæði til sérstakra nota og efnistökusvæði." Skipulagssvæðið er alls 72 hektarar að stærð, og liggur fyrir ofan byggð Akureyrarbæjar. Í greinargerð sem fylgir deiliskipulagstillöggunni kemur fram að svæðið er mikið raskað af efnistöku og akstri stórra ökutækja og það hefur einnig verið notað sem tippur. Ætlunin er að skipta svæðinu milli þriggja aðila sem munu nýta það sem framtíðar æfinga og keppnissvæði. Þessir aðilar eru Skotfélag Akureyrar, Kappakstursklúbbur Akureyrar og Bílaklúbbur Akureyrar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið.

### Náttúruminjar

Svæðið sem hér er verið að deiliskipuleggja er við Glerá en stór hluti Glerárgils er á náttúruminjaskrá og í skránni segir um það svæði: "Glerárgil, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar."

Athuga skal að við það er almennt miðað þegar vötn og tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá að vernda beri ána og farveg hennar ásamt 100 metra breiðu belti ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfrabruna. Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram að þegar skipulagt er við vötn, ár og sjó sé þess gætt "að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram heim." Hér er það án og gilið sem verið er að vernda svo enn mikilvægara er að skilja eftir amk 100 metra breitt svæði ósnortið beggja vegna við ána. Þar af leiðandi ættu lóðamörk akstursíþróttasvæðisins hvergi að vera nær ánni en 50

metrar svo tryggja megi aðgengi almennings og engar framkvæmdir skulu vera nær en 100 metrar. Leitast skal við að halda þeirri fjarlægð frá ánni og frekar endurbæta svæðið innan 100 metra fjarlægðar frá ánni ef það hefur orðið fyrir röskun og halda því sem náttúrulegustu. Einnig er mikilvægt að miklar hljóðmanir sem setja þarf víða sem mótvægisáðgerðir vegna hljóðmengunar hafi ekki truflandi áhrif á svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að vel sé gengið frá þeim mörkum þar sem náttúrulegt gljúfrið mætir manngerðu svæði. Einnig er mikilvægt að gönguleiðir verði áfram um gilið og aðgengi verði gott, og að útvistargildi þess haldist. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að hér er verið að skipuleggja saman náttúruminjar með útvistargildi þar sem kyrrð og ró er aðalsmerki annars vegar og afar háværar og ónæðissamar íþróttagreinar hins vegar.


### **Hljóðmengun**

Töluberð hljóðmengun mun fylgja allri starfsemi er deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að komi á svæðið, og eru ýmsar mótvægisáðgerðir áætlaðar eins og fram kemur í greinargerð sem fylgir erindinu, svo sem steyptur veggur kringum gokart braut og viðamiklar hljóðmanir. Í skýrslu Línuhönnunar er miðað við leyfilegt hljóðstig sem gildir á aksturs- og skotæfingasvæðum í Danmörku og Svíþjóð. Í reglugerð um hávaða 933/1999 er gefið upp það viðmið að ekki sé meiri hávaði en 55 dB á útvistarsvæðum í þéttbýli. Nú er svæði deiliskipulagstillögunnar þétt við svæði á náttúruminjaskrá sem er útvistarsvæði svo gæta þarf þess að hávaði berist sem minnst milli svæða. Vandamál geta skapast vegna þess að reiðleiðir eru á kafla upp við lóðamörk ofangreinds svæðis. Þar sem stök hvell hljóð geta orðið til þess að fæla hesta telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að endurskipuleggja reiðleiðir og fára þær fjær akstursíþróttu- og skotsvæðinu en sýnt er á upprætti.


### **Niðurstaða**

Akstursíþróttu- og skotsvæðinu á Glerárdal er í deiliskipulagi ætlaður staður á mikið röskuðu efnistökusvæði sem liggar upp að svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun undirstrikar að Glerárgil verði ekki fyrir röskun hvað ásýnd varðar og að útvistargildi haldist. Mikilvægt er að mörk Glerárgils og manngerðs svæðis verði gerð sem náttúrulegust með svæðisbundnum gróðri og að hljóðmanir falli vel að umhverfinu. Ljóst er að töluberð hljóðmengun getur orðið af starfseminni á akstursíþróttu- og skotæfingasvæðinu, þar af leiðandi vill Umhverfisstofnun undirstrika að reiðleiðir og hesthúsahverfi og fagurt útvistarsvæði þar sem fólk fer til að njóta útiveru og hvíldar annars vegar og hávaðasamar aksturs- og skotíþróttir fara afar illa saman. Hætt er við að hávaðamengun muni trufla útvist í Glerárgili í framtíðinni. Utanaðkomandi hávaði á ekki að fara yfir 55dB á útvistarsvæði í Glerárgili samkvæmt reglugerð um hávaða. Hvað reiðleiðir varðar er ljóst að endurskipuleggja þarf þær fjær akstursíþróttu- og skotsvæðinu, því skyndileg hvell hljóð geta haft hættu í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður